

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Stakkahlíð 17.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Stakkahlíð 17 breytist úr svæði fyrir verslunar- og þjónustumiðstöðvar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 11. október 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Ægisbrautar, Akranesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 27. ágúst 2002 tillögu að nýju deiliskipulagi Ægisbrautar, Akranesi.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 24. október 2002.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárférlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2003.